



# Fjarskiptasjóður

Endurskoðunarskýrsla 2016



# Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	3
2	Niðurstöður og ábendingar .....	4
3	Fjárheimildir og rekstur .....	5
3.1	Fjárheimildir .....	5
3.2	Rekstrarátætlun.....	5
3.3	Niðurstaða.....	5
4	Innra eftirlit.....	6
4.1	Inngangur .....	6
4.2	Umfjöllun .....	6
4.3	Niðurstaða.....	6
5	Fylgni við lög og reglur.....	7
5.1	Lög og reglugerðir .....	7
5.1.1	Fundagjöld .....	7
5.1.2	Leigusamningar og þjónustusamningar .....	7
5.1.3	Virðisaukaskattur – meðferð í Orra og endurgreiðslur.....	7
5.2	Niðurstaða.....	7
6	Endurskoðun efnahagsliða .....	8
6.1	Eignir .....	8
6.1.1	Ríkissjóður.....	8
6.2	Eigið fé og skuldir .....	8
6.2.1	Höfuðstóll .....	8
6.2.2	Viðskiptaskuldir.....	8
6.3	Niðurstaða.....	8
7	Önnur atriði .....	9
7.1	Samþykkt ársreiknings .....	9
7.2	Óhæðisyfirlýsing.....	9

# 1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Fjarskiptasjóðs fyrir árið 2016.

Ársreikningur Fjarskiptasjóðs, sem er skýrsla úr Fjárhagsbókhalda ríkissjóðs, er byggður á bókhalda sjóðsins. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur sjóðsins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat á ársreikningnum ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðeigandi árangur.
- Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem það á við.

Ársreikningur sjóðsins var síðast tekinn til skoðunar vegna ársins 2013.

## 2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun ársreiknings Fjarskiptasjóðs fyrir árið 2016 var í meginatriðum án athugasemda og ekki verður annað séð en að umsjónaraðili sjóðsins, skrifstofa samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, leggi metnað sinn í að fylgja þeim lögum og reglugerðum, sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti fékk skýrsluna til umsagnar og hefur verið tekið tillit til athugasemda þess í skýrslunni.

Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

### Fjárheimildir og rekstur

Framlag úr ríkissjóði nam 903,0 m.kr. en tekjuhalli ársins 2016 var 155,0 m.kr. Formleg rekstraráætlun var ekki gerð en áætlun var gerð og uppfærð samkvæmt framvindu rekstrarins. Engin rekstraráætlun var sett inn í fjárhagskerfi ríkisins.

### Innra eftirlit

Endurskoðun á virkni innra eftirlits hjá Fjarskiptasjóði varðandi fjármál og bókhald var að mestu leyti án athugasemda. Ekki verður annað séð en að ferlið sé skilvirkt og að því skipulagi sem ákveðið hefur verið hjá umsjónaraðila sé fylgt.

### Fylgni við lög og reglur

Ekki verður annað séð en að Fjarskiptasjóður fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta.

### Eigið fé

Höfuðstóll sjóðsins nemur 211,5 m.kr. í árslok og hafði lækkað um 155,0 m.kr. eða sem nemur rekstrarhalla ársins.

## 3 Fjárheimildir og rekstur

### 3.1 Fjárheimildir

Framlag ríkissjóðs á fjárlögum fyrir árið 2016 nam 903,0 m.kr. og urðu það endanlegar fjárheimildir á árinu. Rekstrargjöld að frádregnum tekjum námu samtals 1.058,0 m.kr. og varð því 155,0 m.kr. tekjuhalli á árinu 2016 samanborið við 191,1 m.kr. tekjuafgang árið áður. Rekstrargjöld umfram sértekjur hækkuðu milli ára um 543,0 m.kr. Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2016 og rekstri árið 2015:

Í þús. kr.	Fjárlög 2016	Fjárheimild 2016	Rekstur 2016	Frávik 2016	Rekstur 2015
Sértekjur	0	0	-18.757	18.757	-13.759
Samningur v/ fjarsk.fyrirt.	387.700	387.700	387.700	0	393.900
Önnur rekstrargjöld	515.300	515,300	689.095	-173.795	134.901
<b>Samtals</b>	<b>903.000</b>	<b>903.000</b>	<b>1.058.038</b>	<b>-155.038</b>	<b>515.042</b>

Sértekjur, alls 18,7 m.kr., voru allar umfram fjárheimildir og önnur rekstrargjöld voru 173,8 m.kr. umfram heimildir.

Tekjuhalli ársins 2016 rúmaðist innan uppsafnaðs tekjuafgangs fyrri ára sem var 366,5 m.kr. í ársbyrjun og er höfuðstóll því jákvæður um 211,5 m.kr. í árslok 2016.

### 3.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar og að hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort tekjur og gjöld séu í samræmi við áætlun.

Rekstraráætlun Fjarskiptasjóðs fyrir árið 2016 var ekki skráð í fjárhagskerfi ríkisins (Orra). Ráðuneytið hefur upplýst að það muni sjá til þess að formleg rekstraráætlun fyrir árið 2018 og eftirleiðis verði færð í Orra, fjárhagskerfi ríkisins.

### 3.3 Niðurstaða

Rekstrarniðurstaða Fjarskiptasjóðs var neikvæð um 155,0 m.kr. í árslok 2016.

## 4 Innra eftirlit

### 4.1 Inngangur

Forstöðumaður Fjarskiptasjóðs og umsjónaraðili sjóðsins, skrifstofa samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, bera ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits hjá sjóðnum. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og að fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur.

### 4.2 Umfjöllun

Við mat á eftirlitsumhverfi sjóðsins reyndist innra eftirlit almennt vera í lagi. Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins (Orri) er notað fyrir bókhald og greiðslur úr sjóðnum.

### 4.3 Niðurstaða

Endurskoðun á virkni innra eftirlits hjá Fjarskiptasjóði varðandi fjármál og bókhald var án athugasemda. Ekki er annað að sjá en að ferlið sé skilvirkt og að metnaður sé lagður í að fylgja því skipulagi sem ákveðið hefur verið hjá sjóðnum.

## 5 Fylgni við lög og reglur

### 5.1 Lög og reglugerðir

Við fjárhagsendurskoðun er skoðað hvort rekstur sjóðsins hafi verið í samræmi við lög og reglugerðir sem um hann gilda varðandi fjárreiður og bókhald. Um fjárheimildir og rekstraráætlun er fjallað í kafla 3. Eftirfarandi liðir voru auk þess teknir til skoðunar vegna ársins 2016:

#### 5.1.1 Fundagjöld

Skoðað var úrtak reikninga vegna fundagjalda ársins 2016. Reikningarnir uppfylltu almenn formskilyrði og tilefni funda kemur fram.

#### 5.1.2 Leigusamningar og þjónustusamningar

Sjóðurinn er ekki með samninga um kaupleigu eða fjármögnunarleigu. Gerður var þjónustusamningur við Farice ehf. í apríl 2012 og námu heildargreiðslur árána 2012-2016 1.950,4 m.kr. Þjónustusamningur við Farice var framlengdur til 31. desember 2018 með samnings-viðauka dags. 2. desember 2015. Gert er ráð fyrir 450 m.kr. greiðslu frá sjóðnum til félagsins á árunum 2017 og 2018. Í fjármálaáætlun 2018-2022 kemur fram m.a. að ekki er gert ráð fyrir frekari ríkisstuðningi eftir 2018.

#### 5.1.3 Virðisaukaskattur – meðferð í Orra og endurgreiðslur

Bókun og kóðun færslna reikninga sem bera VSK eru í samræmi við fyrirmæli Fjárslu ríkisins. Inneign vegna endurgreiðslu VSK færir reglulega til eignar á viðskiptareikning stofnunarinnar við ríkissjóð.

### 5.2 Niðurstaða

Ekkert bendir til annars en að Fjárskiptasjóður fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta.



## 6 Endurskoðun efnahagsliða

Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2016 námu eignir Fjarskiptasjóðs 232,2 m.kr., skuldir voru 20,7 m.kr. Höfuðstóll var jákvæður um 211,5 m.kr.

Í þús. kr.	2016	2015	Breyting
Eignir:			
Ríkissjóður	232.196	367.396	-135.200
Eignir alls	232.196	367.396	-135.200
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	211.504	366.541	-155.037
Skammtímaskuldir	20.692	0.855	19.837
Eigið fé og skuldir alls	232.196	367.396	-135.200

### 6.1 Eignir

#### 6.1.1 Ríkissjóður

Inneign hjá Ríkissjóði í árslok 2016 nam 232,2 m.kr. og hafði lækkað um 135,2 m.kr. frá fyrra ári.

### 6.2 Eigið fé og skuldir

#### 6.2.1 Höfuðstóll

Höfuðstóll nam 211,5 m.kr. á árslok 2016. Staða höfuðstóls í ársbyrjun var 366,5 m.kr. og lækkaði um 155,0 m.kr. frá fyrra ári eða sem nemur tekjuhalla ársins.

#### 6.2.2 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir námu 20,7 m.kr. í árslok 2016 sem er hækkun um 19,8 m.kr. frá fyrra ári.

### 6.3 Niðurstaða

Ekki komu fram athugasemdir við endurskoðun efnahagsliða.

## 7 Önnur atriði

### 7.1 Samþykkt ársreiknings

Ársreikningur Fjarskiptasjóðs sem gerður var af Fjársýslu ríkisins var samþykktur af umsjónaraðilum sjóðsins, en barst ekki til stjórnar og var því ekki formlega samþykktur af henni.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur upplýst Ríkisendurskoðun um að fyrri ársreikningar sjóðsins hafa verið kynntir, ræddir og afgreiddir af stjórn hans. Forstöðumaður (formaður) sjóðsins hefur í kjölfarið staðfest reikninginn formlega með undirskrift. Annað verklag við staðfestingu ársreiknings 2016 skýrist af sérstökum aðstæðum í kjölfar uppskiptingar innanríkisráðuneytisins.

Stjórn sjóðsins segir að hún muni eftirleiðis viðhafa fyrra fyrirkomulag við afgreiðslu ársreikninga sjóðsins. Ársreikningur 2016 verði formlega til umfjöllunar á næsta fundi sjóðsins sem er áætlaður í nóvember.

### 7.2 Óhæðisyfirlýsing

Óhæðisyfirlýsingar þeirra endurskoðenda, sem sáu um endurskoðun hjá Fjarskiptasjóði, voru undirritaðar.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7  
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík  
Sími 569-7100

[postur@rikisend.is](mailto:postur@rikisend.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)